

**Ed.**

## **67. Frumvarp**

til laga um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

### **1. gr.**

Nýjan veg skal leggja frá Hafnarfirði, vestanvert við Setbergshamar og vestanvert við túnið á Vífilsstöðum, á Suðurlandsbraut í austanverðri Sogamýri.

### **2. gr.**

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og skal telja kostnað við vegagerðina í fjárlögum svo sem annan kostnað við lagningu nýrra akvega. Viðhald vegarins skal greiða af fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til viðhalds þjóðvegum.

### **Greinargerð.**

Haustið 1917 var stikaður nýr vegur frá Hafnarfirði á Suðurlandsbraut á sama stað og frumvarpið fer fram á. Var að nokkru byrjað á vegalagningu, en féll niður, er ófriðnum lauk. Vegur þessi er ca. 5 km. styttri fyrir þá, er þurfa að fara af Suðurlandsbraut til Vífilsstaða, Hafnarfjarðar eða lengra suður á Reykjanesskagann, móts við það að fara þá leið, er nú er bílfær. Auk þess liggur vegur sá, er nú er milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, á mjög óhentugum stað, mishæðóttur og snjóþyngsli á honum að vetrarlagi. Myndi því þessi nýi vegur gera alla flutninga í þessa átt ódýrari en nú er, um leið og hann yrði tryggari samgönguleið og þyrfti minna viðhald en sá vegur, er nú er farinn.